

Félags- og skólaþjónusta
RANGÁRVALLA- OG VESTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU
Suðurlandsvegi 1 – 3, 850 Hellu og Ormsvelli 1, 860 Hvolsvelli

ADALFUNDARGERÐ

Aðalfundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 2017 var haldinn þriðjudaginn 9. maí 2017 kl. 15:00 í Litla salnum, Félagsheimilinu Hvoli, Hvolsvelli.

Mætt eru: Lilja Einarsdóttir, Guðmundur Pétur Guðgeirsson, Edda Antonsdóttir, Auðbjörg B. Bjarnadóttir, Brynja J. Jónasdóttir, Sólrún H. Guðmundsdóttir, Helga Lind Pálsdóttir, Ásgeir Magnússon, Ísólfur Gylfi Pálmason, Sandra Brá Jóhannsdóttir, Nanna Jónsdóttir, Ágúst Sigurðsson og Þorgerður H. Gísladóttir sem ritaði fundargerð á tölvu.

Lilja Einarsdóttir formaður stjórnar leitaði eftir athugasemdum við fundarboð sem ekki komu fram, setti fund og stjórnaði honum. Lilja bauð fundarmenn velkomna.

1. Skýrsla stjórnar og ársreikningar félags- og skólaþjónustudeilda.

Guðmundur Pétur Guðgeirsson las og skýrði ársreikning 2016, sem liggur frammi endurskoðaður og áritaður af stjórn og endurskoðendum.

Helstu niðurstöður:

Rekstrartekjur	kr. 125.165.454
Rekstrargjöld	kr. 123.303.189
Fjármunatekjur	kr. (72.965)
Rekstrarniðurstaða	kr. 1.789.300

Eignir:

Fastafjármunir	kr. 4.949.399
Veltufjármunir	kr. 15.390.461
Eignir samtals	kr. 20.339.860

Eigið fé og skuldir:

Óráðstafað eigið fé	kr. 4.243.775
Skammtímaskuldir	kr. 13.566.246
Eigið fé og skuldir	kr. 20.339.860

Reikningur borinn upp og samþykktur samhljóða.

Lilja Einarsdóttir flutti skýrslu stjórnar þar sem hún gerði grein fyrir því helsta í starfseminni á árinu. Skýrslan fylgir með ársreikningnum. Þakkaði hún starfsmönnum og aðildarsveitarfélögum gott samstarf.

Sveitarstjórar tóku undir þessar þakkir um góð störf.

2. Ákvörðun um gjaldskrá/kostnaðarskiptingu.

Engin tillaga liggur fyrir um breytingu á kostnaðarskiptingu.

3. Ákvörðun um breytingu á samþykktum samlagsins, ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara sbr. 7. gr.

Engin tillaga liggur fyrir um breytingar.

4. Kosning í stjórn.

Samþykkt að verði óbreytt frá fyrra ári.

5. Kosning löggilts endurskoðanda.

Samþykkt samhljóða að skipta áfram við KPMG.

6. Ákvörðun um laun stjórnar.

Óbreytt frá fyrra ári.

7. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:05